

Hornsteinn 1 - Árangur í eflingu klúbba Markmið umdæmisins

Að efla, styrkja og viðhalda fjölda Kiwanisfélaga í umdæminu og ná því að fjölga félögum í 1.000 fyrir árið 2022 sem er raunfjölgun um 30 félaga á ári.

Stefnumál 1 - Að fjölga félögum í starfandi klúbbum og að félagafjöldi allra klúbba verði yfir 15 sem er lágmarksfjöldi félaga við stofnun klúbba.

Aðferðir:

1. Hvetja klúbba til að virkja fjölgunaráætlun heims og umdæmisstjórnar (Formula).
2. Hvetja til samvinnu milli klúbba í svæði eða milli svæða. Það getur haft mjög eflandi áhrif á klúbbfélaga og virkað mjög hvetjandi. Byggja sterkt tengslanet milli félaga, í umdæminu sem á alþjóðavísu.
3. Fyrirverandi umdæmisstjórnar skipi svokallaða „sérsvæit“ Kiwanis og heimsæki klúbba sem eiga í erfiðleikum og aðra sem óska eftir stuðningi þeirra. Fyrirverandi umdæmisstjórnar búa yfir mikilli þekkingu og reynslu sem mikilvægt er að miðla til annara.
4. Klúbbar ættu að íhuga að bjóða JC og Roundtable félögum á fundi eftir að þessir aðilar ná 40 ára aldrinum.
5. Hvetja klúbba til að gera stefnumótun, nauðsynlegt er að horfa til framtíðar og velja hvaða leið er farin þangað. Umdæmið þarf að standa fyrir kynningu á hvernig stefnumótun er unnin.

Mælistikur: Mánaðarskýrslur frá klúbbum, skýrslu frá sérsvæit Kiwanis, formúlufulltrúm

Ábyrgð: Formúlu leiðtogar klúbba, forsetar klúbba og svæðisstjórnar, umdæmið

Tímarammi: 01.10.2017 – 30.09.2022

Endurskoðun: 01.10.2018 og síðan árlega

Kostnaður: Lítil kostnaður aðallega vinna.

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 2 - Að fjölga klúbbum

Aðferðir:

1. Klassískir klúbbar eins og við þekkjum.
2. Óhefðbundir klúbbar, internet klúbbar, hádegisklúbbar, morgunklúbbar, hjónaklúbbar, nýbúaklúbbar.
3. 3-2-1 klúbbar, verja 3 klukkutímum á mánuði við þjónustuverkefni, 2 klukkutímum í fjáröflun og 1 klukkutíma á mánuði á klúbbfundi.
4. Græðlingsklúbbar, klúbbar sem hafa áhuga á stofna klúbb ættu að skoða þennan möguleika. Græðlingsklúbbur starfar undir sama hatti og móðurklúbburinn en getur fundað á öðrum tíma á öðrum stað en er í raun hluti af klúbbnum og þegar nýji klúbburinn hefur náð því að verða 15 félagar getur hann orðið sjálfstæður klúbbur.
5. Ungmennaklúbbar (Young Professional) ætlaðir fyrir ungt fólk á aldrinum 25 – 40 ára, sem hafa oft á tíðum minni tíma og vilja hittast sjaldnar og fundar frekar á netinu en taka þátt í fjáröflunarverknum og veita styrki eins og aðrir klúbbar.
6. Huga að stofnun ungliðaklúbba : Kiwanis krakkar (K-kids) fyrir yngstu bekki grunnskóla, Byggjendaklúbbur (Builders club) ætlaður eldri grunnskólabörnum og Lykilklúbbur (Key club) fyrir framhaldskólanemendur.
7. Klúbbar fyrir fatlaða fullorðna einstaklinga (Action club)

Mælistikur: Skýrslur frá klúbbum, Formúlutengiliðum og ráðgjöfum

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, Formúlutengiliðir og ráðgjafar

Tímarammi: 01.10.2017 – 30.09.2022

Endurskoðun: Árlega í upphafi hvers starfsárs

Kostnaður: Kostnaður við stofnun nýrra klúbba

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 3 – Að virkja „Formúluna“

Aðferðir:

1. Umdæmið skipi KIEF Formúlu tengilið, sem hefur yfirumsjón með verkefninu í umdæminu og miðlar upplýsingum á milli KI, KIEF og umdæmisins.

2. Tveir tengiliðir verði skipaðir í hverju svæði, sem hafa það hlutverk að aðstoða klúbba sem stefna að því að stofna nýja klúbba og vera þeim innanhandar með upplýsingar og annað sem til þarf.
3. Allir klúbbar með sinn Formúlu leiðtoga, félaga sem býr yfir reynslu og þekkingu og áhuga á að efla klúbbinn sinn með því að fjölga félögum.
4. Tveir klúbbráðgjafar verði í hverju svæði sem fræða og veita upplýsingar um Formúlu verkefnið og hvetja félaga til að gera slíkt hið sama í sínum klúbbum. Þeir hafa líka það hlutverk að fylgjast með nýjum klúbbum fyrstu árin og aðstoða þá þegar þurfa þykir.
5. Svæðistengiliðir og ráðgjafarnir vinna náíð með svæðisstjóra í hverju svæði fyrir sig. Lagt er til að Formúlu verkefnið fái sinn lið á dagskrá svæðisráðsfunda.
6. Svæðistengiliðir og ráðgjafar skulu upplýsa um gang mála með skýrslu til umdæmistengiliðar.
7. Allir klúbbar skipi sinn Formúlu leiðtoga, félaga sem býr yfir þekkingu og reynslu og áhuga á því að efla klúbbinn sinn með því að virkja sína félaga til að starfa eftir Formúlu verkefninu.
8. Formúlu ráðstefna verði haldin til þess að hrinda verkefninu í framkvæmd með öllum þeim sem koma að þessu verkefni.

Mælistikur: Skýrslur frá Formúlutengiliðum og ráðgjöfum, svæðisstjórum og klúbbum
Ábyrgð: Umdæmisstjórn, umdæmistengiliður, svæðistengiliðir, ráðgjafar og tengiliðir í klúbbum

Tímarammi: 01.10.2017 – 30.09.2022

Endurskoðun: Árlega í upphafi starfsárs

Kostnaður: Ráðstefnu og ferðakostnaður

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 4 - Að auka áherslu á leiðtogafræðslu (fræðsla í svæði, Kiwanisskólinn, skipulag fræðslu og áherslur)

Aðferðir:

1. Auka þarf fræðslu embættismanna og almennra Kiwanisfélaga. Fræðsla skal að mestu fara fram í svæðum, auk fræðslu á umdæmisþingi ár hvert, þar sem öllum félögum gefst kostur að sækja sér fræðslu.

2. Kiwanisskólinn, lagt er til að stofnað verði lokað svæði á heimasíðu Kiwanis, þar sem félagar geta náð sér í fræðslu og fróðleik um hreyfinguna með því að horfa á myndbönd, glærusýningar eða lesið sér til gagns.

Mælistikur:

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, formaður fræðslunefndar

Tímarammi: 01.10.2017 -30.09.2022

Endurskoðun: Árlega í upphafi starfsárs

Kostnaður: Einhver kostnaður vegna fræðslu

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 5 - Að auka þátttöku og virkni Færeyskra Kiwanisfélaga í starfi umdæmisins.

Aðferðir:

1. Skipa skal tengilið við færeyska svæðið sem sér til þess að lykilupplýsingar verði þýddar á færeysku og komi þeim áfram þannig að allir félagar í umdæminu sitji við sama borð.
2. Færeyingar fái túlkþjónustu á umdæmisstjórnarfundum, umdæmisþingi og þegar þurfa þykir.
3. Skipaður verði Færeyingur í fræðslunefnd sem ber ábyrgð á fræðslu í Færeyjum.
4. Fræðsla verðandi svæðisstjóra verði sameiginleg með öðrum verðandi svæðisstjórum en fenginn verði túlkur.

Mælistikur: Skipun tengiliðar, þýðingar og túlkþjónusta.

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, tengiliður við færeyjavæði.

Tímarammi: 01.10.2017 -30.09.2022.

Endurskoðun: Árlega í upphafi starfsárs.

Kostnaður: Þýðinga og túlkþjónusta.

Umdæmisög: Ekki lagabreyting, reglugerð/starfslýsing fyrir tengilið.

Hornsteinn 2 - Áhrif þjónustuverkefna

Markmið umdæmisins Að vinna að skilvirkum og tilgangsríkum þjónustuverkefnum með þjónustu við börn í forgangi. Kiwanis skilgreinir sig best með margvíslegum þjónustuverkefnum sem unnin eru hér á landi og um víða veröld. Þegar við vinnum saman og með öðrum til að svara þýðingarmiklum þörfum barna, þá breytum við lífum, stuðlum að sterkara samfélagi og oft breytumst við sjálf.

Stefnumál 1 - Að halda K-dag annað hvert ár

Aðferðir: Samfélagsleg þörf fyrir sambærilegt verkefni sem K-dag og styrktarverkefni hans er brýnni í dag en nokkru sinni fyrr . Í góðri samvinnu klúbba, umdæmis og K-dagsnefndar skal stefnt að skipuleggja verkefnið á tveggja ára fresti og leita og þróa nýjar leiðir fjáröflunar- og sölutækni í takt við breytt samfélag og nýja möguleika.

Mælistikur: Heildarsöfnunarfé, styrktaraðilar, sölutölur og þátttaka klúbba og annarra söluaðila
Ábyrgð: Umdæmisstjórn, K-dagsnefnd og fulltrúar hennar, Kiwanisklúbbar og félagar

Tímarammi: K-dagur verður að vori og afhending söfnunarfjár á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum.

Endurskoðun: Umdæmisstjórn og K-dagsnefnd gerir viðhorfskönnun meðal allra hagsmunaaðila

Kostnaður: Hluti af afrakstri hvernar söfnunar fer í sjóð til að standa straum af byrjunarkostnaði þeirrar næstu

Umdæmisög: Reglugerðir og samþykktir

Stefnumál 2 - Að halda áfram með og skjóta styrkari stöðum undir Hjálma verkefnið

Aðferðir: Rækta sambandið við hagsmunaaðila, Eimskip, skólastjórnendur og foreldrafélög

Mælistikur: Fjöldi dreifðra hjálma og þátttaka Kiwanisfélaga í verkefninu.

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, Hjálmanefnd og tengiliðir hennar, Kiwanisklúbbar og –félagar.

Tímarammi: Miða skal afhendingu við að hún sé í kringum sumardaginn fyrsta.

Endurskoðun: Stöðug.

Kostnaður: Auglýsinga og kynningarkostnaður.

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum.

Stefnumál 3 – Að hvetja og styðja klúbba til að skilgreina og/eða koma sér upp auðkennisverkefni.

Aðferðir: Á sama hátt og Hjálma- og K-dagsverkefnin eru auðkennisverkefni umdæmisins er mælt til þess að hver klúbbur hryndi af stað eða skilgreini sín eigin auðkennisverkefni. Auðkennisverkefni er

1. Árlegt eða endurtekið.
2. Hefur mælanleg jákvæð áhrif á nærumhverfi.
3. Jákvæð og mælanleg kynning, eflir almannatengsl og styrkir tengslanet.

Ef mögulegt er skal miða við að um sé að ræða verkefnið feli í sér virka vinnu, ekki bara afhendingu á ávísun.

Einnig mætti beina því til klúbba að gera sig sýnilega í bæjarfélögum sínum með því að skipuleggja Kiwanisdag þar sem klúbbar taka að sér samfélagsleg verkefni.

Mælistikur:

1. Fjöldi klúbba með og tegundir auðkennisverkefna.
2. Fjöldi barna sem verkefnið hefur áhrif á.
3. Fjármunum safnað sem renna til baka til samfélagsins
4. Félaga aflað og ný tengsl mynduð fyrir tilstuðlan verkefnisins

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, fræðslunefnd, svæðisstjórar, klúbbforsetar og formenn fjáröflunar-og styrktarnefnda klúbba

Tímarammi: Hefja kynningu strax 2017-2018

Endurskoðun: Stöðug m.a. í gegnum fræðslustarf, netkynningu og vinnustofur á þingum

Kostnaður: Tilfallandi m.a. vegna fræðslu og kynningarstarfs

Umdæmisög: Reglugerðir og samþykktir

Stefnumál 4 - Að taka virkan þátt í heimsverkefnum alþjóðahreyfingarinnar

Aðferðir: Umdæmið tók virkan þátt í heimsverkefnum hreyfingarinnar, Joð- og Stífkrampaverkefnunum. Í ófyrirséðri framtíð má búast við að tillögur um sambærileg verkefni verði til. Sem hluti af alþjóðlegri þjónustuhreyfingu stefnir umdæmið að virkri þátttöku þegar og ef slík verkefni verða ákveðin.

Mælistikur: Fjárhæðum safnað, þátttaka klúbba

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, Styrktarsjóður

Tímarammi: Óljós

Endurskoðun: Stöðug

Kostnaður: Einhver en óljós að svo stöddu

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 5 - Að styrkja samstarf við Styrktarsjóð umdæmisins og KCF (Kiwaniis Childrens Fund).

Aðferðir: Að efla Styrktarsjóð með kaupum á Kiwanistengdum varningi sem hann býður uppá og fyrirsjáanlegt er að verði fjölbreyttari í kjölfar einkaleyfisréttar sjóðsins á framleiðslu slíks varnings í umdæminu. Beina skal því til Styrktarsjóðs að hann marki sér stefnu um aðkomu að inn og erlendum styrktarverkefnum. Stefnt skal að því að klúbbar styrki KCF á beinni hátt en hingað til, t.d. með ákveðnu valkvæðu árlegu framlagi á hvern félag

Mælistikur: Vörur keyptar, klúbbar sem styrkja styrktarsjóð og KCF.

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, stjórn Styrktarsjóðs, klúbbar, félagar

Tímarammi: Viðvarandi – byrja 2017-18

Endurskoðun: Stöðug

Kostnaður: Óverulegur kynningarkostnaður

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Hornsteinn 3 - Ásýnd

Markmið umdæmisins

Að gera ásýnd Kiwanis sýnilegri, sterkari og áhrifameiri.

Stefnumál 1 - Að samræma framsetningu og notkun á merki Kiwanis (branding)

Aðferðir:

1. Samræma allt efni umdæmisins, skoða bréfsefni og önnur gögn með það í huga að notkun á merki Kiwanis sé alls staðar í samræmi við viðmið um notkun merkis frá KI.
2. Útbúa leiðbeiningar um notkun merkis fyrir klúbba
3. Hvetja félagi til að nota Kiwanis logo og nota það rétt. Leggja áherslu á það í fræðslu umdæmisins.

Mælistikur: Könnun á efni sem er í umferð í upphafi og aftur 2018-19 í lok starfsárs

Ábyrgð: Markaðs og kynningar nefnd/ fræðslunefnd
/umdæmisstjórn/klúbbar

Tímarammi:

1. Efni verði komið í fræðsluefni sem allra fyrst ekki seinna en í fræðsluefni fyrir embættismenn 2018-2019
2. Leiðbeiningar um notkun merkis fyrir klúbba verði tilbúna á árinu 2017 (brand manual)
3. Skoðun á efni umdæmis verði lokið á árinu 2017

Endurskoðun: 2020

Kostnaður: Töluverð vinna en óverulegur kostnaður

Umdæmisög: Engin breyting

Stefnumál 2 - Að endurskoða stöðugt vefsíðu og útgáfumál.

Aðferðir:

1. Klúbbar komi sér upp markaðsfulltrúa/kynningarfulltrúa sem hafi það hlutverk að koma á framfæri upplýsingum um starfið til kynningar og

markaðsnefndar/internet nefndar til notkunar á kiwanis.is svo og deila upplýsingum um starfið á eigin vefum klúbba

2. Vanda allan frágang efnis sem birtur er með það í huga að ásýnd Kiwanis sé í samræmi við sett markmið.

Mælistikur: Hve mikið efni kemur frá starfinu

Ábyrgð: Klúbbar /markaðs og kynningar nefnd /internet nefnd

Tímarammi: Alltaf

Endurskoðun: Árleg endurskoðun

Kostnaður: Óverulegur

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 3 – Að styrkja innri markaðssetningu

Aðferðir:

1. Hjálpa klúbbum að nota samfélagsmiðla með námskeiðum og fræðslu
2. Aðgreina notkun á miðlum til innra starfs (lokaðir hópar) og miðlun til kynningar út á við (t.d. facebook síður klúbba)
3. Nota tæki á borð við „Go-to-meeting“ og „Skype“ til samskipta á milli klúbba

Mælistikur: Notkun samfélagsmiðla aukist um 10% árlega

Ábyrgð: Markaðs og kynningarnefnd, fræðslunefnd og umdæmisstjórn.

Tímarammi: Verkefni fari af stað 2017/2018 og nái markmiðum mælistika árlega

Endurskoðun: Árlega

Kostnaður: Kostnaður við námskeið. Aðrar aðgerðir hafa í för með sér óverulegann kostnað

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum

Stefnumál 4 - Að auka ytri markaðssetningu og gera hana markvissari

Aðferðir:

1. Bæta og auka notkun vefsíðu. Endurskoða vefsíðu, útlit og aðgengi upplýsinga á henni með það í huga að aðgengi upplýsinga fyrir utanaðkomaði sé gott svo og að ímynd Kiwanis sé haldið á lofti.
2. Nota samfélagsmiðla meira og á markvissari hátt til að ná til mögulegra félaga og tengja verkefni klúbba við tiltekna markhópa.
3. Markaðs/kynningarfulltrúar klúbba noti kynningar og markaðsnefnd sér til aðstoðar við að koma efni á framfæri á landsvísu.
4. Koma fréttum á framfæri við fjölmiðla
5. Hafa ímynd Kiwanis í huga í allri notkun efnis
6. Útbúa samræmt kynningar efni.

Mælistikur: Magn efnis á samfélagsmiðlum.

Ábyrgð: Kynningar og markaðsnefnd.

Tímarammi: Stöðugt í framkvæmd.

Endurskoðun: Aðferðir efnurskoðaðar og endurmetnar árlega.

Kostnaður: Töluverður kostnaður við að endurskoða vefsíðu og kostnaður er nokkur við aðra þætti, t.d. samræmt kynningarefni.

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum.

Hornsteinn 4 - Árvekni í fjármálum

Markmið umdæmisins

Árvekni í fjármálum hefur það að markmiði að auka hagkvæmni í rekstri og tryggja ábyrga ráðsmennsku með fjármuni og eignir umdæmisins og gjöld félaganna.

Stefnumál 1 - Að leita leiða til að fjármagna rekstur umdæmisins með öðru en félagsgjöldum

Aðferðir: Lengi framan af var rekstur umdæmisins nær alfarið byggður á gjöldum félaganna. Á undanförunum misserum hafa aðrar tekjuleiðir litið dagsins ljós, t.d. salaraleiga Bíldshöfða og styrktaraðilar (Olís, Samskip,

Eimskip o.f.) Leitað skal allra leiða til að skjóta styrkari stoðum undir slíka fjármögnun (t.d. umdæmisfáni, umdæmismarki.)

Mælistikur: Upphæð annarra tekna en félagsgjalda.

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, hússtjórn.

Tímarammi: Stöðugt.

Endurskoðun: Árlega.

Kostnaður: Enginn.

Umdæmisög: Ekki þörf á lagabreytingum.

Stefnumál 2 - Að auka útleigu húsnæðis umdæmisins að Bíldshöfða 12.

Aðferðir: Aukin útleiga til Kiwanisklúbba, Kiwanisfélaga og almennings. Leigutekjur skulu standa undir kostnaði við afborgarnir af húsnæðinu. Auglýsa skal leigumöguleika á þar til gerðum félagsmiðlum. Setja í forgang að gera húsnæðið meira aðlaðandi. Huga skal að veita klúbbum sanngjarna leigu og sérstaklega skal hlúð að nýjum klúbbum fyrstu starfsár þeirra

Mælistikur: Stefnt er að árlegri aukningu leigutekna um 100.000 næstu 3 ár.

Ábyrgð: Umdæmisstjórn, hússtjórn.

Tímarammi: 3 ár.

Endurskoðun: 2020.

Kostnaður: Bæta þarf búnað til að gera salinn leiguvænlegri.

Umdæmisög: Hugsanleg reglugerð um hússtjórn og rekstur hússins.